

Fundargerð

Fyrsti fundur samstarfshóps vegna vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Hrútey

haldinn í gegnum Teams þann 14. desember 2021, kl. 14:00-15:00.

Fundarmenn:

Ágúst Þór Bragason, Blönduósi
Guðbjörg Gunnarsdóttir, Umhverfisstofnun
Kristín Ósk Jónasdóttir, Umhverfisstofnun

Markmið fundar

Fyrsti fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Hrútey.

Fundarefni

1. Hvað er stjórnunar- og verndaráætlun?
Guðbjörg kynnir stjórnunar- og verndaráætlunargerð og hvað felst í slíkum áætlunum. Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er tekið fram um hvað skal fjalla í stjórnunar- og verndaráætlunum. Einnig var farið yfir verkferilinn við gerð áætlana.
2. Verk- og tímaáætlun
Farið var yfir drög að verk- og tímaáætlun. Gert er ráð fyrir að stjórnunar- og verndaráætlunin verði tilbúin til undirritunar í byrjun sumars 2022. Fundarmenn hafa ekki athugasemdir við verk- og tímaáætlunina.
3. Samráðs- og hagsmunaaðilagreining
Kynnt var samráðsáætlun og listi yfir samráðsaðila. Ágúst Þór mun huganlega senda tillögur til viðbótar sem bætt verður við samráðsaðilalistann. Samráðsaðilunum verður tilkynnt um að vinna sé hafin við gerð áætlunarinnar fyrir Hrútey.

Rætt

- Áhugi er á að halda opinn kynningarfund fyrir almenning um áætlunina. Fundarmenn voru sammála um að staðfundur væri mun betri kostur en fjarfundur. Stefnt er að því að halda slíkan fund en taka verður mið af ástandi í samfélaginu þegar nær dregur.
- Ágúst Þór sagði frá ýmsum framkvæmdum sem farið var í á árinu og lokið verður við á næsta ári.

Næstu skref

- Ágúst Þór sendir upplýsingar um nýja samráðsaðila og netföng þeirra.
- Guðbjörg uppfærir gögn og sendir til hópsins.
- Heimasíða um vinnuna verður sett upp á vef Umhverfisstofnunar og tilkynning um að vinna sé hafin verður send til samráðsaðila.
- Guðbjörg og Kristín vinna að drögum að 1. og 2. kafla og senda til Ágústar í rýni.